



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við skólaslit Menntaskólans í Reykjavík
flutt fyrir hönd 50 ára stúdenta
1. júní 2012**

Ágæti rektor
MR-ingar, fyrr og nú
Kæru samstúdentar

Þegar við gengum vonglöð og bjartsýn úr þjóðfundarsalnum yfir Lækjargötu með hvíta kolla í Alþingisgarðinn var lýðveldið ungt að árum, nánast á táningsaldri eða svo, og við í sveit síðustu árganganna sem fæðst höfðu undir dönskum kóngi.

Veröldin var enn í föstum skorðum, gamla Gufan eina útvarpsstöðin, dagskráin róleg, í hægum takti. Fæst okkar höfðu nokkru sinni komið til útlanda og fjarlæg sú hugsun að Ísland yrði nokkru sinni í alfaraleið.

Árin fjögur höfðu liðið undra fljótt, oft við meiri skemmtan en lærdóm, gangarnir vettvangur umræðu og hjá sumum ástarvona, á kvöldin málfundir og listviðburðir, jafnvel kappræður við Halldór Laxness og Sigurbjörn biskup sem við buðum að koma á Ípökuloftið; sýndum og Útilegumenn Matthíasar í Háskólabíói, strákar í öllum hlutverkum stúlkna líkt og gert var öld áður í hinum Lærða skóla þegar frumflutt var leikritið sem þjóðin þekkir sem Skugga-Svein.

Já, veröld okkar sór sig fremur í ætt hins liðna tíma en umrótsins sem síðar varð, skyldari kyrralífi Stefans Zweig en hendingskasti Marks Zuckerberg. Við héldum svo í ýmsar áttir, fannst eins og flest yrði áfram í föstum skorðum.

Og nú erum við hér; fimmtíu ár að baki; hafa liðið, líkt og augnablik; veröldin aldrei tekið jafn örur stakkaskiptum og á ævi okkar. Kalda stríðið, sem hefti heimsmynd í fjötra, gufaði upp eftir að Reagan og Gorbatsjov funduðu í Reykjavík; lýðræðisbylgja fór um Evrópu alla, nýlendur í Asíu og Afríku hlutu frelsi og fjórum sinnum fleiri ríki eru nú

fullvalda en þegar við kvöddum skólann; hið fjarlæga Kína risaveldi nýrrar aldar.

Tækni og vísindi urðu aflvélar breytinganna; tölvurnar og netið opnuðu öllum aðgang að upplýsingum og nýjar leiðir til áhrifa; gervihnettir tóku að móta daglegt líf og ættjörð sem áður var einangruð norður í hafi er nú í þjóðbraut miðri, áfangastaður áhrifamestu manna heims.

Hvernig tókst okkur að halda áttum í ólgu slíkra breytinga, skila á fjölda sviða góðu verki en njóta um leið nýjunganna? Jú, veganestið úr hinum gamla skóla reyndist okkur notadrjúgt, ræturnar hafa aldrei slitnað; vináttan og minningarnar bönd sem héldu.

Þess vegna erum við hér í dag, komin til að þakka okkar góða skóla, þakka öllum þeim sem ólu okkur upp í aga og festu, héldu okkur við efni námsins; þakka kennurum sem æðrulaust héldu áfram þótt sum okkar stæðu oft á gati, sáu í æskufjöri efnivið til nýrra verka; þökkum með gjöf sem rennur til ritunar á sögu skólans.

Það er vitnisburður um gæði hans að hálfri öld síðar komum við til að hylla menntastofnun sem verið hefur samgróin lífsbraut okkar, í senn kjölfesta og gleðigjafi.

Það voru forréttindi, reyndar gæfa, að eiga MR að fóstura og hann verður líka, kæru nýstúdentar, akkeri ykkar í veröld sem áfram mun breytast ógnar hratt; vegferðin framundan örugglega meira ævintýri en við höfum lifað, þó kannski á stundum háskaför.

Árin ykkar í söguríka húsinu við Lækjargötu hafa á heimsvísu verið dagrenning nýrrar tíðar; í sköpun er veröld sem gerir að engu fjarlægðir og brýtur niður gamla múra. Þið hafið heiminn allan að velli leiks og iðju, getið á virkan hátt smíðað bjarta framtíð úr draumsýn nýrra tækifæra.

Verður það góður kostur að vera Íslendingur í framtíðinni, á tímum slíkrar gerjunar? Svar okkar sem héldum fyrir fimmtíu árum út í óvissuna, höfum víða farið og margt reynt, er ótvírætt já.

Ræturnar í íslensku samfélagi, menningu og sögu, hefðirnar sem Menntaskólinn í Reykjavík hefur löngum virt, eru ásamt auðlindum okkar fagra lands einstakur heimanmundur. Það er leitun að þjóð sem getur búið æskufólk sitt út með svo kjarngott nesti.

Í raun hefur öll vegferð Íslendinga frá því að Bessastaðaskólinn var fluttur í timburhúsið við Tjarnarbakkann fært sérhverri kynslóð ríkulegan efnivið.

Það verður einnig gæfa ykkar, nýstúdentar, og gleymið ei þegar á móti blæs að gamli skólinn hefur ávallt staðið af sér alla storma.

Þess vegna koma mínir samstúdentar á þessa hátíð. Þess vegna verðið þið einnig hér eftir hálföld.